

Ed.

596. Nefndarátt

um frv. til laga um eignarnám á landspildu á Bolungarvíkurmölum.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er komið frá hv. Nd. og heimilar hreppsnefndinni í Hólshreppi að láta taka eignarnámi landspildu á Bolungarvíkurmölum. Frv. þetta er flutt af hv. þm. Norður-Ísafjarðarsýslu, eftir beiðni hreppsnefndar Hólshrepps. En meðan málið hefir verið á ferðinni í þinginu, hafa komið óskir frá ýmsum mönnum í Bolungarvík um, að málinu yrði frestað, og virðast óskir þessar bygðar á því:

1. Að eigendaskifti á landspildu þessari muni á allmörgum næstu árum ekki geta orðið til hagsmuna fyrir Hólshrepp, heldur muni þau leiða til óhagfeldari kjara fyrir sjómenn og útgerðarmenn í Bolungarvík, þar sem lóðir og malartaka muni hækka við eignarnámið.

2. Að eignarnám þetta mundi leiða til stóraukinna fjárframlaga og útgjalda fyrir Hólshrepp.

Í annan stað liggur fyrir í málinu brjef frá biskupi, þar sem hann mælist til, að rjettindi Vatnsfjarðarkirkju verði undanskilin eignarnámi, en frv. er orðað þannig, að einnig er heimild til þess. Þessi tilmæli biskups eru rökstudd við ítarlegt álit frá prófastinum í Norður-Ísafjarðarsýslu, þar sem hann skýrir svo frá, að Vatnsfjarðarkirkja, sem á helming vertolla af ofangreindum mölum, hafi nú um 600 kr. í tekjur af þeim, og gerir prófastur ráð fyrir, að tekjur þessar muni í framtíðinni vaxa að stórum mun. Það er því auðsætt, að prófastur, sem hefir hag landssjóðs fyrir augum, telur, að hjer sje um verðmæta framtíðareign að ræða.

Prátt fyrir mótmæli þau, sem komin eru frá ýmsum íbúum Bolungarvíkur, telur nefndin, að miklar líkur sjeu fyrir því, að hyggilegt sje fyrir Hólshrepp að kaupa umrædda landspildu, sem nú mun að mestu eign erlendrar verslunar, og er auðsætt, að verðmæti hennar og von um aukið verðmæti hennar byggist á því, að hún liggur við brimbrjótinn, sem landssjóður hefir lagt mikið fje í og mikil lendingarbót er að. Nefndin getur fallist á það, að líkur sjeu fyrir því, að landsjóði væri meiri hagur að því að halda rjettindum sínum en selja þau nú, en nefndin vill þó ekki ráða hv. deild til að undanskilja þau frá sölunni, þar sem sveitarfjelag á hjer hlut að máli, sem mun leika mikill hugur á því að halda áfram lendingarbótum hjá brimbrjótnum, en það mundi hafa mikil fjárframlög í för með sjer, og því sanngjarnt, að hreppurinn njóti einn ágóðans af þeim lendingarbótum, er hann kann að gera framvegis á þessum stað, en hins vegar gerir nefndin ráð fyrir, að rjettindi landssjóðs verði sanngjarnlega metin, ef eignarnám fer fram. Rjett er og að taka fram, að allar bætur, sem hreppurinn kynni að gera á lendingunni, koma landssjóði óbeinlínis til tekna, þar sem hjer er um mjög fiskisælt kauptún að ræða. Samkvæmt þessu mælum vjer með því, að frv. verði samþykkt óbreytt, enda auðvitað, að það er á valdi hreppsnefndar, hvort hún vill nota heimildina eða ei.

Alþingi, 12. maí 1921.

Sigurj. Friðjónsson,
formaður.

Sig. Eggerz,
fundaskrifari og ritari.

Jóh. Jóhannesson.